Hafnarfjörður

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar
b.t. Árna Rúnars Þorvaldssonar, formanns
Strandgata 8-10

Hafnarfjörður 26. október 2026
Málsnúmer 2603459

Efni: Samþætting heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu

Á fundi fjölskylduráðs þann 29. september sl. lagði deildarstjóri þjónustu- og úrræðateymis fram minnisblað um stöðu mála um samþætta heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu í Hafnarfirði. Það er samstaða hjá hinu opinbera að vinna að samþættingu þjónustunnar m.a. til að stuðla að betri nýtingu mannafla og fjármagns.

Í dag eru 22 sveitarfélög og sex heilbrigðisstofnanir sem taka þátt í þróunarvinnu um samþætta félagslega þjónustu og heimahjúkrunar þar sem farnar eru mismunandi leiðir í úrfærslu og framkvæmd verkefnisins. Þær leiðir sem hafa verið farnar eru:

1. Full samþættingu undir stjórn sveitarfélagsins, leið sem Reykjarvíkurborg hefur fylgt frá árinu 2009. Þar tekur sveitarfélagið að fullu yfir rekstur og skipulag þjónustunnar. Starfsfólkið (sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar og félagsliðar) heyra undir sama yfirmanninn innan sveitarfélagsins og starfar í þverfaglegum teymum.

2. Samstarfs- og þjónustusamningar sem tekur mið af líkaninu „Gott að eldast“. Þetta er algengasta leiðin í nýjum þróunarverkefnum á landsbyggðinni. Þar fara aðilar áfram með ábyrgð á sínum þáttum þjónustunnar en formlegur samstarfssamningur er um að flétta þjónustuna saman.

3. Útvistun til þriðja aðila /Hjúkrunarheimilin. Í þessari útfærslu fela sveitarfélagið og heilsugæslan/heimahjúkrun þriðja aðila að sjá um alla heimaþjónustu. Oft er um staðbundið hjúkrunarheimili að ræða. Þjónustan tengist að jafnaði beint við dagdvöl eða matarsendingar frá hjúkrunarheimilum sem skapar þjónustumiðstöðu í nærumhverfi.

Mikilvægt er að áfram verði unnið að því að samætta heilbrigðis- og félagsþjónustu, með gæði og hagkvæmni þjónustunnar að leiðarljósi. Eins og kemur fram hér að ofan eru ýmsir möguleikar fyrir hendi þegar kemur að slíkri samþættingu.

Virðingarfyllst,

Guðlaug Ósk Gísladóttir
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs